

Hrafnista 18. mars 2021

Ágætu íbúar og aðstandendur,

Okkur er sönn ánægja að tilkynna ykkur að nú er komið að því að slaka enn frekar á heimsóknarreglum á Hrafnistu. Eins og ávallt horfir Neyðarstjórn Hrafnistu til stöðunnar almennt í samfélaginu hvað fjölda covid smita varðar, sem og þeirra reglna sem í gildi eru á hverjum tíma. Einnig eru flest allir íbúar heimilanna komnir með fulla bólusetningu og starfsmenn hafa lokið fyrri bólusetningu.

Munið að áfram þarf að sýna ýtrustu varkárni og virða sóttvarnaráðstafanir í heimsóknum. Við þurfum öll að hafa í huga persónulegar sýkingavarnir s.s. handþvott og handsprittun. Þeir sem eru komnir með vörn fyrir Covid geta borið veiruna á höndum sér og smitað þannig aðrar.

Frá morgundeginum, föstudeginum 19. mars, verða Hrafnistuheimilin opin fyrir heimsóknir alla daga frá kl 13:00 – 20:00.

- **Tveir gestir** hafa leyfi til að heimsækja hvern íbúa í einu, en fleiri geta komið yfir daginn.
- Munið að spritta hendur við komu og áður en þið yfirgefið heimilið.
- Allir gestir þurfa að koma með andlitsgrímu (maska). Óheimilt er að koma með taugrímu.
- Vinsamlega farið beint inn á herbergi íbúa, ekki stoppa og spjalla á leiðinni. Ef íbúi er ekki inni á herbergi þá biðjið þið starfsfólk að sækja hann, ekki gera það sjálf.
- **Ekki er heimilt að nýta setustofur og borðstofur eininga/deilda til heimsókna.**
- Virðið 2ja metra regluna í samskiptum við starfsfólk.
- **Undanþága frá reglum um fjölda í heimsókn hverju sinn þ.e. 2 í einu, er aðeins veitt við mikil veikindi íbúa og þarf leyfi frá vaktstjóra deildar.**
- Íbúum er áfram heimilt að fara út í garð og í gönguferðir með sínum nánustu, en einnig er heimilt að fara með íbúa út af heimilinu í bílferðir eða heimsóknir. Munið fjöldatakmarkanir sem eru í gildi í samfélaginu.

Vinsamlega **EKKI** koma inn á Hrafnistu ef:

- Þú ert í sóttkví eða einangrun.
- Þú bíður eftir niðurstöðu úr sýnatöku.
- Þú ert með flensulík einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).
- Þú varst erlendis fyrir minna en 10 dögum.

Það er mikilvægt að hafa í huga að baráttan gegn COVID-19 er ekki unnin og smitum getur fjölgað mjög hratt eins og reynsla hefur kennt okkur. Ef það gerist þurfa heimilin að grípa aftur til ákveðinna aðgerða og takmarkana.

Kæra þakkir fyrir samstöðuna.

Með vinsemi og virðingu,

Neyðarstjórn Hrafnistu